

Hrunamannahreppur

Umhverfisnefnd

Kjörtímabilið 2022-2026

3. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps var haldinn fimmtudaginn 9. febrúar 2023 klukkan 17:00 í Núpstúni.

Mætt voru Brynja Sólveig Pálsdóttir formaður sem einnig ritaði fundargerð, Bjarni Arnar Hjaltason og Ragnheiður Georgsdóttir í fjarfundarbúnaði.

Dagskrá:

1. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 8. desember 2022

Kynnt var greinargerð um úrgangsmál á Suðvesturlandi sem var unnin af Stefáni Gíslasyni hjá Umhverfisráðgjöf ehf sem sent var í bréfi frá Sambandi íslenskra Sveitarfélaga. Nefndarmenn voru sammála um að Hrunamannahreppur komi nokkuð vel út í sorphirðumálum. Nefndarmenn voru sammála um að skortur er á upplýsingum til erlendra íbúa um flokkun sorps. Ragnheiður kom með tillögu að atvinnurekendur á Flúðum í samvinnu með sveitarstjórn komi á fundi með erlendum íbúum þar sem farið er yfir flokkunarmál á ensku eða öðru tungumáli. Nefndin tekur vel í þá hugmynd. Á þeim örfáu svæðum sem grenndargámar eru staðsettir, í Hrunamannahrepp, vantar aðstöðu fyrir flokkun á textíl og málmum. Einnig væri gott ef komið væri fleiri grenndargámum fyrir, einum í hvorum hluta þorpsins.

2. Svæðisskipulag Suðurrhálendis

Nefndin tekur undir bókun Atvinnu- og ferðamálanefndar að mikilvægt sé að halda opinn kynningarfund fyrir íbúa um Svæðisskipulag Suðurrhálendis.

3. Skiptimarkaður

Formaður ætlar að athuga áhuga á skiptimarkaði inn á íbúasíðu. Ef áhugi er fyrir honum er stefnt að því að hafa skiptimarkað þann 15. apríl næstkomandi þar sem íbúar geta

komið með föt, bækur o.s.frv og skipt innbyrðis í stað þess að farga hlutum í góðu standi.

4. Önnur mál

a. Umferðaröryggi

Það er mjög brýnt að auka umferðaröryggi innan Flúða og þegar komið er að Flúðum sunnan megin. Það vantar lýsingu frá Hellisholtum og að Flúðum. Vegurinn þar að þorpinu getur verið mjög varasamur í vetrarfærðinni og er mikilvægt að stuðla að auknu umferðaröryggi fyrir íbúa og ferðamenn. Auk þess þarf að auka öryggi fyrir gangandi vegfarendur með því að bæta lýsingu á ljósastaurum innan bæjar.

Nefndin tekur upp þráðinn frá síðasta fundi og vill að stuðlað verði að betra umferðaröryggi með auknum umferðarskiltum líkt og biðskyldu, hraðatakmarkanir og börn á leik. Þörf er á frekari forvörnum innan þéttbýlisins.

Fundi slitið 17:54.

Brynja Sölveig Pálsdóttir